

Sp.

147. Tillaga til þingsályktunar

[87. mál]

um raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Matthías Bjarnason, Birgir Finnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á því, hvernig þeim byggðarlögum á Vestfjörðum verði tryggð afnot raforku, sem samveitur ná ekki til sakir strjálbýlis. Skal í því sambandi athugað sérstaklega, hvernig sérvirkjunum verði við komið í þágu einstakra byggðarlaga og býla.

Greinargerð.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um framhald rafvæðingar landsins, er augljóst orðið, að vegna strjálbýlis á Vestfjörðum er ekki gert ráð fyrir, að allmargir sveitabæir í þessum landshluta fái raforku frá samveitum. Hins vegar er þörf fólksins í þessum héruðum fyrir lífsþægindi raforkunnar ekki minni en annars staðar. Án raforku getur nútímafólk ekki verið. Þess vegna verður að fara aðrar leiðir til þess að tryggja sveitum Vestfjarða raforku. Koma þar til greina sérvirkjanir fyrir einstök byggðarlög og aukin aðstoð hins opinbera við dieselorkuver í þágu einstakra býla og sveita. Flm. tillögu þessarar telja, að fólkið í hinni strjálustu byggð í landinu eigi ekki síður rétt á því en aðrir landsmenn að njóta lífsþæginda raforkunnar. Þess vegna beri að gera sérstakar ráðstafanir til þess að rafvæða strjálbýlustu sveitirnar.